

Fundur 10. Október 2023.

Fundur settur kl. 20:00

Mættir: Rósa, María, Kristín, Sigurveig, Elísa og Katrín.

Rætt um að festa ákveðna fundardaga. Ákveðið að hafa fund þriðja hvern þriðjudag í mánuði.

Sigurveig lét vita að Ingibjörg hefur sagt sig úr stjórn af heilsufarsástæðum.

Elísa og Kristín samþykkja að vera áfram í SAMTAKA.

Rósa samþykkir að vera áfram í Skólaráði og María býður sig með.

Sigurveig ræddi við kennara á unglíngastigi um loftslag í skólanum, stjórn beðin um að hafa samband við Heilbrigðiseftirlit fyrir hönd foreldrafélags. Sigurveig hafði samband við skólastjóra sem segir málið vera í góðum farvegi. Ákveðið að Rósa og María hleri á skólaráðsfundi hvernig málin standa.

Ákveðið að hafa næsta fund 7.nóvember kl. 20:00 vegna fyrirhugaðs piparköku-jólafondurdags sem var rætt um að hafa 15.nóv.

Rætt um nýtingu á aukapening – setja það mögulega í piparköku-jólafundur, nema fljótlega komi í ljós hvort verði af Réttindaskóla nafnbót en þá nýta pening í að gera eitthvað af því tilefni.

Umræður um að sniðugt væri að hafa einhvers konar fjáröflun fyrir 7.bekkar ferð á Reyki innan skólans – kannski kaffi-vöflusölu á viðburði innan skólans.

Ákveðið að hafa fund 16.janúar 2024 en engan fund í desember vegna jólaanna en vera þess í stað í sambandi rafrænt.

Fundi slitið kl. 20:57.